

## LISTIR

## Gylfi Gröndal heiðraður í Kópavogi Hlýtur viðurkenningu fyrir ritstörf

GYLFI Gröndal rithöfundur hlaut á dögunum viðurkenningu Rótaryklúbbs Kópavogs fyrir að hafa skarað fram úr og vakið athygli fyrir störf sín, en hann hefur búið í Kópavogi um aldarfjórðungs skeið. Þetta er í sjötta sinn sem Rótaryklúbburinn vetir slíka viðurkenningu.

Gylfi Gröndal stundaði blaðamennsku og ritstjórn í rúm þrjátíu ár en hefur jafnframt sent frá sér fjölda bóka, til dæmis tuttugu ævisögur fólks úr hinum ýmsu stéttum íslensks þjóðfélags. Meðal þeirra er ævisaga Huldu Jakobsdóttur, bæjar-

stjóra í Kópavogi, en hún var fyrsta konan á Íslandi sem gegndi slíku starfi. Sú saga er mikil heimild um líf og starf frumbyggjanna í Kópavogi. Gylfi hefur einnig skrifað ævisögur þriggja forseta Íslands, Sveins Björnssonar, Ásgeirs Ásgeirssonar og Kristjáns Eldjárns, og fyrir síðustu jóla lauk hann tveggja binda verki um ævi Steins Steinars, en það var tilnefnt til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Auk þess hefur hann gefið út sjö ljóðabækur, séð um útgáfu ljóðasafna og annast fjölda útvarpsþátta um bókmenntir og menningarmál.



Vilhjálmur Einarsson, forseti Rótaryklúbbs Kópavogs, afhendir Gylfa Gröndal rithöfund verðlaunagrip eftir Ingu Elínu glerlistakonu.

## Í DAG

### Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús

Táknmálstúlkur verður með í leiðsögn um tvær sýningar safnsins kl. 16. Sýningarnar eru Byggt yfir hugsjónir: Breiðholt frá hugmynd að veruleika og Aðföng 1998–2001.

**Bíosalur MÍR, Vatnsstíg 10** Rússneska kvikmyndin Stríðið hefst á morgun (Voína byla zavtra) verður sýnd kl. 15. Leikstjóri er Júrj Karan. Myndin er byggð á samnefndri skáldsögu eftir rússneska rithöfundinn Boris Vasiljev. Bókin var tileinkuð minningu skólubarna í Rússlandi fyrirstríðsáranna og fóru beint af skólabekk á vígvöllinn til að verjast fyrstu og hörðustu árásum innrásarherja fasista í Sovétríkjunum sumarið 1941.

**Gunnukaffi, Hvammstanga** Ingi-björg Heiðarsdóttir opnar sýningu á leirmyndum kl. 15. Sýningin stendur fram yfir páska.

● Sjá einnig Staður og stund á mbl.is





## Til leigu

Skrifstofuhúsnæði til leigu á annarri og þriðju hæð í þessu virðulega húsi við Austurvöll.

Glæsilegir nýinnréttaðir ráðstefnu- og fundasalir eru á 5. hæð fyrir allt að 100 manns.

Tilvalið fyrir:

lögmenn, arkitekta, verkfræðinga, lækna eða ráðgjafar fyrirtæki



## Eignarhaldsfélagið Kirkjuhvoll

Traust fasteignafélag sem sérhæfir sig í útleigu á atvinnuhúsnæði.

Sími 892 0160, fax 562 3585

# Útsöluverkaður GK REYKJAVÍK

hefst sunnudaginn 24. mars

í Síðumúla 6

(áður Vaka Helgafell)

Opið verður frá kl. 12-18